

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 2009 í máli nr. E-5286/2009:

Vignir Hjörleifsson

(Erlendur Þór Gunnarsson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þann 24. nóvember 2009, var höfðað með birtingu stefnu þann 27. apríl 2009. Stefnandi er Vignir Hjörleifsson, kt. 000000-0000, [.....]. Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001 frá 18. apríl 2009 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þess er krafist að tekið verði tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann þess að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavextir

Málavextir eru þeir að mánudaginn 1. september 2008 var stefnandi handtekinn vegna gruns lögreglu um aðild hans að láti Jóhannesar Guðmundssonar sem hafði fundist látinn í íbúð sinni fyrr um daginn. Þriðjudaginn 2. september 2008 var stefnandi í Héraðsdómi Reykjavíkur úrskurðaður í gæsluvarðhald til mánudags 8. september 2008 á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var staðfestur í Hæstarétti Íslands. Stefnandi var látinn laus þann 8. september 2008. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 18. mars 2009, var með vísan í 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 málið á hendur stefnanda fellt niður.

Í skýrslum lögreglu frá rannsókn málsins kemur fram að stefnandi og hinn látni sátu að drykkju heima hjá þeim síðarnefnda að Skúlagötu 68, Reykjavík, dagana frá fimmtudegi 28. október til sunnudagsins 1. nóvember. Þriðji maðurinn, Einar Lárus Pétursson, hafði verið þar að drykkju á laugardeginum. Í skýrslu stefnanda kemur fram að að kvöldi laugardags hafi hann verið orðinn langþreyttur af drykkju og fengið að halla sér í rúmi í íbúðinni. Þegar hann hafi svo vaknað að morgni og farið inn í stofu hafi hann séð Jóhannes þar alblóðugan og haldandi um höfuð sér. Hann hefði spurt Jóhannes að því hvað hefði gerst og hvort ekki væri ástæða til að fara á slysadeild. Jóhannes hafi svarað að Einar hefði slegið sig í höfuðið með flösku en hann væri allur að koma til og óþarft væri að kalla á sjúkrabíl eða hringja á neyðarlínu. Jóhannes hafi boðið stefnanda að fá sér bjór sem enn hafi verið til og hann hafi þegið. Stefnandi kvaðst hafa, þrátt fyrir áhyggjur af vini sínum, farið af heimili hans til að ná í meira áfengi og hreinsispritt og haldið áfram að drekka.

Stefnandi greindi frá við skýrslutökur að hann hafi gert ítrekaðar tilraunir til að hringja í Jóhannes og a.m.k. í tvígang farið heim til hans og hringt dyrabjöllu en enginn svarað. Því hafi hann leitað á lögreglustöð eftir aðstoð sem hafi endað með því að lögregla hafi fengið lásasmið til að opna dyrnar. Þá kemur fram í lýsingu lögreglu á vettvangi að af ummerkjum í íbúðinni að dæma virtist sem hinn látni hefði orðið fyrir árás.

Í skýrslu Einars Lárusar fyrir lögreglu kemur fram að hann sé vinur stefnanda. Hann hafi verið byrjaður að drekka en ekki nennt að drekka einn og hafi því gert margítrekaðar tilraunir til að ná símasambandi við stefnanda og farið heim til hans áður en stefnandi svaraði í síma. Þá hafi stefnandi verið staddur að Skúlagötu hjá Jóhannesi heitnum og þeir boðið Einari Lárusi að koma. Einar segir svo frá að hann hafi verið búinn að drekka eitthvað en ekið á Focusnum sínum á Skúlagötuna. Þar hafi hann dvalið að drykkju og þeir félagar þráttað eins og gengur. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa slegið Jóhannes í höfuðið enda geri hann ekki svoleiðis. Málið hafi endað þannig að hann hafi ekið af stað og á brunahana og ljósastaur. Hann hafi slasast nokkuð og bíllinn gjöreyðilagst. Einar var einnig handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Málið var fellt niður gagnvart honum á sama tíma og gagnvart stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur sig hafa sætt ólögmetri handtöku og gæsluvarðhaldi. Hann hafi verið handtekinn þann 1. október 2008 eftir að hafa tilkynnt lögreglu um áhyggjur af góðvini sínum til áratuga, Jóhannesi Guðmundssyni. Hann hafi viljugur komið til skýrslutöku hjá lögreglu og leitast við að skýra frá öllum þeim atriðum sem hann taldi að gætu varpað ljósi á rannsókn málsins. Þá telur hann að rannsókn

málsins hafi tekið óeðlilega langan tíma og unnt hefði verið að fella málið niður gagnvart sér mun fyrir en gert var. Stefnandi telur aðgerðir lögreglu hafa bakað sér mikinn álitshnekki og vísar sérstaklega til þess að hinn látni hafi verið vinur sinn til margra ára. Stefnandi kveður aðgerðir lögreglu hafa bakað sér mikinn miska. Um hafi verið að ræða morðrannsókn sem stóð yfir í nokkuð langan tíma en enginn hafi verið ákærður, hvorki stefnandi né aðrir. Það hljóti að hafa verið ljóst eftir fyrstu daga rannsóknar hvort um morðrannsókn hafi verið að ræða eða ekki og því ástæðulaust að stefnandi hafi þurft að hafa réttarstöðu sakbornings í um hálf t.ár.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá þeim lagagrunni og kvaðst byggja á 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, samanber einnig 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Um fjárhæð miskabóta vísar stefnandi til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Hann kveðst telja að stefndi hafi brotið gróflega gegn sér og sé því krafa hans um 1.000.000 króna miskabætur hófleg.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við III. og IV. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi. Hann sagði þá Jóhannes heitinn hafa verið saman á togara í gamla daga og mikill vinskapur hafi tekist með þeim og fjölskyldum þeirra. Hann lýsti því hvernig hann hafi vaknað að morgni sunnudagsins 31. október og séð blóð á höfði Jóhannesar og á koddaveri og gólfi í kring. Jóhannes hafi sagt að Einar hefði slegið sig í höfuðið með flösku en hafi neitað öllum uppástungum um að sækja sjúkrabíl. Hann hafi farið heim frá Jóhannesi um kl. 10 þennan morgun. Daginn eftir hafi hann ætlað að keyra Jóhannes í banka o.fl. útréttingar en þegar hann svaraði hvorki síma né dyrabjöllu hafi sér farið að líða ferlega illa og brugðið á það ráð að fara aftur að drekka. Hann hafi jafnframt leitað til lögreglu með áhyggjur sínar. Að kvöldi mánudagsins hafi lögreglan hringt í sig og tjáð sér að Jóhannes væri látinn og beðið sig að koma í skýrslutöku. Það hafi verið auðsótt mál en þá hafi hann verið handtekinn og honum stungið í hverfissteininn. Það hafi verið hræðileg lífsreynsla og einnig það að nágrannar og aðrir hafi talið hann vera morðingja vegna þess að hann hafi verið í gæsluvarðhaldi.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi tekur fram að upphaflegt sakarefni máls þessa hafi verið mjög alvarlegt, enda hafi rannsókn lögreglu beinst að ætluðu broti gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem varðað getur 16 ára fangelsi. Í málinu liggi fyrir að tilkynning stefnanda til lögreglu hafi orðið til þess að lögregla fór inn í íbúð Jóhannesar Guðmundssonar og kom að honum látnum á stofugólfi íbúðar hans. Upphaflega hafi sakarefni málsins beinst að hugsanlegu broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. manndrápi af ásetningi en eftir því sem á rannsóknina leið hafi sakarefnið verið afmarkað við rannsókn á broti gegn 2. mgr. 218. gr. sömu laga, þ.e. ásetning til stórfelldrar líkamsárásar sem síðan hafi leitt til dauða. Samhliða hafi rannsókn beinst að hugsanlegu broti gegn 221. gr. almennra hegningarlaga þar sem lögð er refsíabyrgð við því ef maður lætur farast fyrir að koma manni til hjálpar sem staddur er í lífsháska. Rökstuddur grunur hafi strax beinst að aðild stefnanda að andláti Jóhannesar Guðmundssonar.

Samkvæmt framansögðu hafi verið fullt tilefni til handtöku stefnanda. Héraðsdómur Reykjavíkur hafi fallist á kröfu stefnda um gæsluvarðhald yfir stefnanda frá 2. september til 8. september 2008 og sá úrskurður hafi verið staðfestur af Hæstarétti Íslands. Síðar hafi málið verið fellt niður af hálfu ákærvaldsins gagnvart stefnanda.

Stefndi mótmælir því að stefnandi hafi í stefnu höfðað dómsmálið á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og vísar um það til 232. gr. sömu laga sem kveða á um gildistöku þeirra frá 1. janúar 2009. Stefndi bendir á að rangur lagagrundvöllur geti leitt til frávísunar máls frá dómi, sbr. f-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Hann segir að í ljósi aðkomu stefnanda að andláti Jóhannesar Guðmundssonar hafi verið fullt tilefni til handtöku hans. Sakarefni málsins hafi verið mjög alvarlegt og vegna aðstæðna málsins hafi í upphafi verið rökstuddur grunur um aðild stefnanda að hinum refsiverða verknaði. Vinnubrögð lögreglu hafi verið í fullu samræmi við viðeigandi lagaheimildir, bæði hvað varðar ákvæði laga um meðferð opinberra mála og lögreglulaga. Fullt tilefni hafi verið til handtöku stefnanda á grundvelli rannsóknarhagsmuna að virtu því alvarlega sakarefni sem lögreglan stóð frammi fyrir. Þá segir stefnandi að allt hafi verið gert af hálfu lögreglu til að vanda til málsmeðferðar, hraða rannsókn eftir megni og leitast við að ganga ekki lengra við beitingu þvingunarúrræða en brýna nauðsyn hafi borið til.

Niðurstaða

Í stefnu kvaðst stefnandi byggja bótakröfu sína á 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í munnlegum málflutningi féll hann frá þeim lagagrunni og

byggði kröfur sínar á 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sem í gildi voru þegar atburðir þeir gerðust sem eru tilefni málssóknarinnar. Í VI. gr. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 88/2008 eru tekin af öll tvímæli um að beita skuli reglum eldri laga um bætur fyrir það sem gerst hefur fyrir gildistöku laganna. Verður leyst úr máli þessu á þeim grundvelli.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um miskabætur vegna gæsluvarðhalds sem honum var gert að sæta frá 2. til 8. september 2008. Stóð þá yfir lögreglurannsókn vegna gruns um manndráp af ásetningi, sbr. 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og síðar vegna gruns um stórfellda líkamsárás, sbr. 2. mgr. 118. gr. og brot gegn 221. gr. sömu laga þar sem lögð er refsíábyrgð við því ef maður lætur farast fyrir að koma manni til hjálpar sem staddur er í lífsháska. Brot gegn ákvæðum þessum geta varðað allt að 16 ára fangelsi.

Stefnandi telur sig hafa sætt gæsluvarðhaldi að ósekju. Hann hafi leitað til lögreglu og óskað eftir aðstoð við að ná sambandi við vin sinn sem hvorki svaraði dyrabjöllu né síma þar sem stefnandi hafi haft þungar áhyggjur af honum. Stefnandi hafi ekki gefið neitt tilefni til að grunur beindist að honum og svarað öllum spurningum lögreglu greiðlega. Þá hafi Jóhannes Guðmundsson legið í íbúð sinni í tvo daga áður en hann fannst látinn og því ekki tilefni til að ætla að stefnandi hafi getað spilt sakargögnum. Því hafi skilyrði 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki verið uppfyllt.

Stefndi leggur áherslu á að lögregla hafi rannsakað alvarlegt brot gegn ofanefndum ákvæðum almennra hegningarlaga, sem geti varðað allt að 16 ára fangelsi. Stefnandi hafi tengst málinu, verið sá síðasti sem hinn látni var í samneyti við og verið drukkin þegar hann leitaði til lögreglu. Því séu ekki forsendur til að dæma bætur á grundvelli 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991.

Í 175. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sem í gildi voru þegar atburðir þeir sem hér er fjallað um áttu sér stað, er mælt fyrir um að taka megi til greina kröfu um bætur ef rannsókn hefur verið hætt og ákæra ekki verið gefin út vegna þess að sú háttsemi sem sakborningur var borinn hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana. Í 2. málslíð 175. gr. segir að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Þá segir í 176. gr. sömu laga að dæma megi bætur vegna handtöku, gæsluvarðhalds og fleiri rannsóknaraðgerða sem hafa frelsisskerðingu í för með sér ef lögmæt skilyrði hafi brostið til slíkra aðgerða eða að ekki hafi verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær hafi verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Hæstiréttur hefur túlkað þessi ákvæði með hliðsjón af 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar svo að þeir sem sæta þurfa gæsluvarðhaldi án þess að hafa sannanlega til frelsisskerðingar unnið njóti bótaréttar, nema eitthvað sérstakt komi til sem skerði eða felli hann

niður.

Í ljós hefur verið leitt að stefnandi var sá síðasti sem sá Jóhannes Guðmundsson á lífi en hann lést af völdum höfuðáverka. Stefnandi leitaði aðstoðar lögreglu þegar hann hafði áhyggjur af vini sínum sem hann vissi slasaðan heima hjá sér. Lögregla rannsakaði mannlátið en ekki var upplýst af hvers völdum áverkinn var. Málið var því fellt niður gagnvart stefnanda og þeim einstaklingi öðrum sem rannsóknin beindist gegn um hálfu ári síðar með vísan í 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt þessu eru talin vera fyrir hendi skilyrði til að dæma stefnanda bætur fyrir gæsluvarðhaldsvistina samkvæmt 1. málslíð 175. gr. og b. lið 176. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Hins vegar er til þess að líta að stefnandi sýndi skerta dómgreind með því að bregðast ekki við vitneskju sinni um ástand Jóhannesar með því að sækja hjálp þegar í stað. Ekki skiptir máli í því efni að Jóhannes hafi sjálfur ekki óskað hjálpar. Einnig er ámælisvert að hann hélt drykkju áfram sem leiddi til þess að hann var illa í stakk búinn til að veita lögreglu greinargóðar upplýsingar. Verða því bætur til hans ákvarðaðar með vísan til 2. málslíðar 175. gr. laga nr. 19/1991.

Þegar ofanefnd atriði eru virt heildstætt þykja hæfilegar bætur til stefnanda vera 400.000 krónur.

Vegna gjafsóknar stefnanda þykja ekki efni til að kveða á um málskostnað milli aðila. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ.e. málflutningsþóknun lögmanns hans, Erlends Þórs Gunnarssonar, hdl. sem ákveðst 420.000 krónur greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málflutningsþóknunar hefur verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Mál þetta dæmir Unnur Gunnarsdóttir, settur héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda Vigni Hjörleifssyni 400.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 18. apríl 2009 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 420.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Unnur Gunnarsdóttir